

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

621. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 9. nóvember 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við Þorvald Böðvarsson, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar.
3. Viðræður við Sigríði Hjaltadóttur, fulltrúa Húnaþings vestra í stjórn Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna.
4. Erindi Björns Þorgrímssonar.
5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áætlun um úthlutun tekjujöfnunarframlags 2009.
6. Erindi Aðalheiðar Böðvarsdóttur og Þorsteins Sigurjónssonar.
7. Bréf Einars Daníelssonar.
8. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áætlun um úthlutun aukaframlags 2009.
9. Bréf Bæjarhrepps vegna breytingar á aðalskipulagi.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Greint frá verklokum endurbóta á Hvammstangabraut og Norðurbraut. Rætt um framkvæmdir á gámavelli, tengingu hitaveitu í hesthús, breytingar innanhúss í íbúðum aldraðra í Nestúni og Íróttamiðstöð, opnun tilboða í 1. áfanga í byggingu vaðlaugar við sundlaug, endurnýjun vatnsveitu og hitaveituinntaka o.fl.
2. Þorvaldur Böðvarsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Hvammstanga er mættur til viðræðna við byggðarráð. Rætt um fyrirkomulag og framkvæmd vetrarþjónustu. Byggðarráð samþykkir að viðmiðunarreglur sveitarfélagsins um snjómokstur verði óbreyttar hvað varðar tengi- og héraðsvegi þ.e. að snjómokstur fari fram þrisvar í viku, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Einnig rætt um stöðu og möguleika á tilteknum vegaframkvæmdum í héraði.
3. Sigríður Hjaltadóttir, fulltrúi Húnaþings vestra í stjórn Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna er mætt til viðræðna við byggðarráð. Rætt um málefni Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna. Byggðarráð ítrekar áhuga sinn á því að boðað verði til fundar eigenda safnsins. Byggðarráð felur sveitarstjóra og Sigríði Hjaltadóttur að boða til þess fundar.
4. Fram lagt erindi Björns Þorgrímssonar. Í bréfinu ítrekar hann áður framkomna ósk sína um niðurfellingu sorphirðugjalds af íbúðarhúsi sínu á Hvammstanga. Samþykkt að óska eftir umsögn umhverfisstjóra um erindið.
5. Fram lagt bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem kynnt er áætlun um úthlutun tekjujöfnunarframlags 2009. Áætlað framlag er kr. 53,412.285-
6. Fram lagt erindi Aðalheiðar Böðvarsdóttur og Þorsteins Sigurjónssonar þar sem þau óska eftir langtímaleigu á húsnaði Barnaskóla Staðarhrepps. Byggðarráð samþykkir að leigja Aðalheiði og Þorsteini húsnaðið til 1. september 2011.

7. Fram lagt bréf Einars Daníelssonar þar sem hann segir upp leiguíbúð í Nestúni 6 á Hvammstanga. Uppsögnin samþykkt og sveitarstjóra falið að auglýsa umrædda íbúð til leigu.
8. Fram lagt bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem kynnt er áætlun um úthlutun aukaframlags 2009. Áætlað framlag er kr. 18.289.309-
9. Fram lagt bréf Bæjarhrepps v/ breytingar á aðalskipulagi. Samþykkt að vísa bréfinu til skoðunar skipulags- og umhverfisráðs.

Samþykkt að taka á dagskrá:

10. Heimir Ágústsson lagði fram tillögu um að sveitarstjórn skipi 5 manna nefnd til að fjalla um umhverfismál í sveitarfélaginu. Tillögunni vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Elín R. Líndal(sign.),

Fundi slitið kl. 12:30

Skúli Þórðarson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).